

## Fundargerð 275. stjórnarfundar Stjórnvísí

---

<b>Dags.fundar:</b> 11.sept. 2018	<b>Tími:</b> 11:45-13:00	<b>Nr. fundar:</b> 275
<b>Fundarboðari:</b> ÞMÓ	<b>Fundarritari:</b> GA	<b>Staður:</b> Reykjavíkurborg

### Dagskrá:

- Trello: Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna)
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí.
- Önnur mál

**Viðstaddir:** Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Berglind Björk Hreinsdóttir, Gyða Björnsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Jón Gunnar Borgþórsson, Sigríður Harðardóttir, Guðjón Örn Helgason, Jón S. Þórðarson og Þórunn María Óðinsdóttir.

**Fjarverandi:** Kristján Geir Gunnarsson

**Gestir:**

---

### Samantekt og niðurstaða fundar

- **Trello:** Farið yfir stöðu verkefna. Helstu verkefni í vinnslu eru:
  - **Kick off fundur** með stjórnnum faghópa var haldinn í Nauthól í lok ágúst. Kynnt voru drög að 100 fundum. Vel var mætt á fundinn en þar voru fulltrúar allra virkra faghópa félagsins. Mikil ánægja var með hve fundurinn gekk vel og var vel stjórnað. Í lok fundar skráðu allir umbótatillögur sem stjórn mun vinna úr og kynna á nýársfundi í Marel þann 9. janúar nk. Stjórn rýndi fundinn og voru umbótatillögur skráðar í Trello borðið.
  - **Haustráðstefna Stjórnvísí 2018.** Haustráðstefna hefur verið auglýst til félagsmanna og eru nú þegar á annað hundrað manns bókaðir. Fyrirlesarar eru staðfestir sem og fundarstjóri. Hönnuður mun útbúa auglýsingu sem fer í dagblöð á vefinn 2 vikum fyrir ráðstefnuna. Hér má sjá allt um tilhögun ráðstefnunnar. <https://www.stjornvisi.is/is/vidburdir/haustradstefna-stjornvisi-11-oktober-a-grand-hotel-taktu-daginn-fra>
  - **Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí.** Dómnefnd árið 2019 er fullskipuð: Borghildur Erlingsdóttir, formaður dómnefndar og forstjóri Einkaleyfastofunnar. Friðrik Þór Snorrason, forstjóri Reiknistofu bankanna. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs. Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarformaður N1 og fyrrverandi forstjóri Icepharma hf. Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Startups.

Þröstur Olaf Sigurjónsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík.

Ritari dómnefndar er Gunnhildur Arnardóttir framkvæmdastjóri Stjórnvísí

- **Íslenska ánægjuvugin.** Búið er að fullmanna stjórn Íslensku ánægjuvogarinnar. Stjórn Íslensku ánægjuvogarinnar skipa:  
Gunnhildur Arnardóttir, formaður stjórnar  
Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri Nolta.  
Gunnar Thorberg, framkvæmdastjóri Kapals.
- Mælingar á starfsemi félagsins eru áfram í þróun þ.e. mælaborð.
- Rýni á heimasíðu er hafin.
- **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.**
  - Staða félagsins er í samræmi við endurskoðaða áætlun.
- **Önnur mál**
  - Önnur mál rædd lítillega